



FRITT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ**



**NÁTTÚRULEGA**

Hvað eru margir íslenskir Eyróvísjón-titlar í Efst í huga Monitor? Eru þetta allir frá upphafi?



ÞESSIR VERÐA EKKI SVONA HÁRPRÚÐIR Á MORGUN

## HJÖRTUR LEÓ

**Fyrstu sex:** 091094.  
**Besta greiðslan:** Allt sleikt aftur.  
**Besta hárefnið:** Vaxið frá Paul Mitchell er að gera góða hluti núna.  
**Flottasta hárið í Hollywood:** Matthew McConahey  
**Flottasta hárið á Íslandi:** Baltasar Kormákur  
**Fsu er snilld því að:** Hér er yndislegt að vera og frábært félagslíf.

## HERMANN

**Fyrstu sex:** 310194  
**Besta greiðslan:** Stuttur fabio.  
**Besta hárefnið:** Schwarcoff.  
**Flottasta hárið í Hollywood:** Kendra Wilkinson  
**Flottasta hárið á Íslandi:** Óli Stef. Ég elska skallann á honum.  
**Fsu er snilld því að:** Himinninn er blár.

# Gerum ekki mikið af gáfulegum hlutum

Þeir **Hermann Guðmundsson** og **Hjörtur Leó Guðjónsson** hafa hvorugur farið í klippingu síðan í desember. En á morgun ætla þeir að klippa hvor annan enda samnemendur þeirra búnir að heita á þá í tilefni af **Góðgerðardögum NFSu**.

Í gær hófust Góðgerðardagar NFSu en þetta er í fyrsta skipti sem slíkir dagar eru haldnir í Framhaldsskóla Suðurlands. Stór þáttur í dagskránni er Áskorun til góðs sem fer einfaldlega þannig fram að nemendur skora hver á annan að gera nánast hvað sem er í þágu góðs málefns. Áskoruninni fylgir svo áheiti og geta aðrir nemendur bætt við krónum fyrir hverja áskorun. Á morgun, föstudag, verða svo áskoranirnar framkvæmdar. Það er því mikil eftirvænting hjá nemendum FSu enda eiga þeir von á að sjá drengi sem hafa aflitað á sér hárið eða farið í tvöfalda brúnkumeðferð. Þá geta þeir einnig búið sig undir að sjá stúlkur með brjóstahöld á hausnum og heyra í stelpum sem syngja allt sem þær segja.

Félagarnir Hermann Guðmundsson og Hjörtur Leó Guðjónsson gerðu samkomulag í desember í fyrra um að klippa ekki á sér hárið í ár. „Þetta var bara skyndiákvörðun í heimsku okkar. Við gerum ekki mikið af gáfulegum hlutum,“ segir Hjörtur Leó aðspurður hvernig það hafi komið til. En nú, 10 mánuðum síðar, þurfa þeir félagar að stytta samkomulagið um tvo mánuði enda fjöldinn allur búinn að skora á þá að klippa hvor annan. „Ég er ekki alveg búinn að ákveða hvað ég geri við Hermann en ég

er með ýmsar hugmyndir. Ég er búinn að fara á stofuna hér á Selfossi og fá að skoða bækur og svona,“ segir Hjörtur en Hermann segist einfaldlega ætla að klippa hár Hjartar í „funky style.“

Hjörtur er með hjartað í buxunum yfir þessu öllu saman en Hermann er sá rólegasti. „Þetta verður ekki neitt miðað við það að hafa ekki farið í klippingu í heila 10 mánuði,“ segir Hermann. Hjörtur útskýrir að hann kvíði því í raun mest ef Hermann færi að vanda sig of mikið en Hermann hræðist krúnurökun. „Ég er nefnilega með svo beyglad höfuðlag,“ segir Hermann og hlær.


Nú þegar hafa drengirnir safnað myndarlegum áheitum fyrir komandi klippistörf og þá hafa aðrir nemendur skólans einnig verið duglegir. Allt mun þetta svo renna til góðs málefns en málefnið sem varð fyrir valinu þetta árið eru Börm í neyð. „Það er virkilega góð stemning í skólanum fyrir þessu og ég vona að þetta verði árlegt héðan í frá. Svo skemmir ekki fyrir að skólinn er litríkur og líflegur og allur skreyttur blöðrum,“ segir Hjörtur glaðbeittur að lokum.

# MMM

## MONITOR MÆLIR MEÐ...

### FYRIR TYLLIDAGINN

Langar þig að gera þér dagamun, lyfta þér á kreik? Ertu í leit að flottum stað fyrir stefnumótið?



**Keiluhöllin í Egilshöll** er ekki bara skemmtileg viðbót við keilustaðflóru höfuðborgarsvæðisins, heldur er hún einfaldlega bara rosalega flottur afþreyingarstaður fyrir alla fjölskylduna.

### Í GOGGINN

Við Dalveg í Kópavogi stendur kebabstaðurinn **Kebab Center** sem hefur upp á helpétta matseðil af girmi-legum kebabréttum að bjóða. Monitor hvetur áhugamenn um gott kebab til að prufukeyra staðinn enda vilja sumir jafnvel meina að þarna sé hægt að fá besta kebab landsins.



### FYRIR SÁLINA

Þó svo að úti blási kaldir vindar sem kunnir ef til vill að angra lesendur þegar þeir fara á fætur á morgnana, þá mælir Monitor með því að lesendur sjái það jákvæða í haustinu. Því er grúpplagt að skella sér í **haustgöngutúr** til að virða fyrir sér alla haustlitadýrðina, það er svo gott fyrir sálina.



## Facebook Vikan á facebook



**Kristmundur Axel YM**  
Blood makes you related. Loyalty makes you family.  
3. október kl. 8:52



**Bubbi Morthens**  
Góða nótt hvíslaði garðurinn.  
1. október kl. 22:36



**Margrét Erla Maack**  
Á bestu foreldra í heimi. (nei þau voru ekki að gefa mér neitt)  
1. október kl. 22:34



**Atli Fannar Bjarkason**  
Nú verður flutt órsagan „Gróðurhúsaáhrifin eru bull“ eftir Atla Fannar Bjarkason: Í dag er mánudagurinn 1. október. Klukkan er tuttugu mínútur gengin í tíu. Það er kvöld. Fyrir minna en tíu mínútum sá ég mann keyra Porsche með blæjunna niðri.  
1. október kl. 21:24



**Valdimar Guðmundsson**  
Hundurinn minn er hræddur við ruslatunnu. Eðlilegt.  
1. október kl. 12:37



**Jóhanna Guðrún Jónsdóttir**  
Ég er svo heppin, ég á yndislegasta kærasta í heiminum :) Ég er búin að vera lasin í nokkra daga og Davíð er búin að vera svo duglegur að hugsa um mig. Eldar svaka mat fyrir mig á kvöldin og þjónar mér allan daginn, ekki slæmt?  
3. október kl. 16:34

Efst í huga Monitor

# Je ne sais quoi

Mánudaginn næsta rennur út fresturinn til að senda lag í undankeppni Eyróvísjón. „**Til hamingju, Ísland,**“ gætu sumir hugsað því nú gefst þjóðinni tækifæri til að láta ljós sitt skína. Því miður hefur okkur nú ekki alltaf gengið vel en flestir sem fara út reynda að senda skilaboð til annarra Eyrópuríkja. „**Mundu eftir mér,**“ segja keppendur með augunum þegar þeir horfa í myndavélarnar á sviðinu. En auðvitað vonast þeir síðan líka til þess að fá góðar móttökur á Íslandi þegar þeir koma aftur heim.

Ég les í lófa þínum, kæri lesandi, að þú eigir það til að hugsa hvað þetta sé **fullkomið líf**. Það er auðvitað frábært að þú getir hugsað það og auðvitað vonum við að lífið verði fullkomið í að minnsta kosti nokkra daga næsta vor hjá íslensku þjóðinni og að við vinnum Eyróvísjón í eitt skipti fyrir öll. Þá loksins myndi rætast draumurinn hennar **Nínu** og það myndi **birta** yfir andliti hennar. Hana hefur allar **nætur** dreymt um fyrsta sætið í keppinni.

Það sem enginn sér er það að á bak við hvert lag liggur mikill undirbúningur. Atriðin verða yfirleitt til **hægt og hljótt** en við sjáum þau auðvitað bara þegar allt er klappað og klárt. Það er samt svo magnað að það er alveg sama hvort Evrópa segi **nei** eða **já** við lögnum sem sendum inn því alltaf erum við tilbúin til að senda **eitt lag enn** og vekja þannig athygli á því hve tónelsk við erum.

Tell me,“ sagði einn útlendingur við mig eitt sinn og hélt áfram: „**Is it true?**“ svona eins og hann væri að fá staðfestingu á því hvort við værum tónelsk eða ekki. Hann sagði mér að hugsa mig vel um og kafa ofan í hjartað mitt til að fá svar við þessu. „**Open your heart,**“ sagði hann. Það hafði samt greinilega gengið erfðilega hjá honum að fá svarið við spurningunni því hann virtist vera eilífti pirraður á því að fá ekki svar frá mér strax. „**I'm all out of luck,**“ sagði hann við mig. En það samt eins og hann væri alveg viss um ást okkar á tónlist því hann sagði: „**If I had your love for music, I would probably**



be listening to music every day.“ Hann þakkaði mér fyrir spjallið, kveikti á tónlist í eyrunum og byrjaði að dansa. Það reyndist því miður vera hans hinsti dans því hann dó stuttu seinna og er núna „in **Heaven,**“ eins og hann hefði orðað það sjálfur. Ég vissi svarið ekki þá en segi honum hér með að svarið er **já. Núna, elsku útlendingur, núna þá veistu svarið.**

Ég er auðvitað enginn **Sókrates** og get því ekki Éverð með neinar heimsspekilegar þælingar um Eyróvísjón-keppnina. En ég vona samt að **Gleðibankinn** verði stútfullur næsta vor þegar Ísland stígur á svið í Malmö.

Sjú-bí-dú,  
Jón Ragnar



### ÁSGEIR TRAUSTI

**Fyrstu sex:** 010792.  
**Uppáhaldsgítar:** Martin OM28V.  
**Sími:** iPhone4s.  
**Lag á heilanum núna:** Redemption Song.  
**Tónlist er:** Allt.

# Allt mjög nýtt fyrir mér

**Ásgeir Trausti** er á allra vörum þessa dagana og verður eflaust áfram enda semur hann bara góð lög

#### Hvað ert þú búinn að...

...spila tónlist í margar mínútur síðasta mánuðinn? 12345 mínútur samkvæmt nýjustu útreikningum.  
 ...fá mörg áhorf á Youtube-myndbönd með þér síðan í júní? Ef ég tek öll myndböndin til samans þá er ég líklega búinn að fá svona 300 þúsund áhorf.  
 ...gefa margar eiginhandarritanir síðustu 2 vikurnar? Ég er búinn að gefa akkúrat nokkrar.

**Þú ert mikið að spila þessa dagana. Gefst nokkur tími til að huga að áframhaldandi lagasmíðum?** Já já. Það er alltaf tími ef maður er jafn skipulagður og ég. Ég er rosalega skipulagður.

**Þetta er í fyrsta sinn sem þú spilar á Airwaves. Er mikil tilhlökkun?** Það er mikil tilhlökkun hjá mér, já. Ég hef aldrei spilað áður og hef heldur ekki farið á Airwaves svo þetta verður allt mjög nýtt fyrir mér.

**Margir erlendir tónlistarkonungar verða mættir á Airwaves. Er stefnan sett á erlendan markað?** Sjáum bara hvað gerist.

**Ætlar þú sjálfur að sjá eitthvað á Airwaves?** Já, ég hlakka til að sjá Sísý Ey og svo er hellingur af artistum sem væri gaman að sjá.

# Hita upp fyrir sjálfa sig

Í gær fóru fram á **Faktorý** fyrstu tónleikarnir í upphitunartónleikaröð **Símans** fyrir **Airwaves-hátíðina** en Síminn ætlar að bjóða fólki á tónleika öll miðvikudagskvöld í október fram að hátíðinni. Listamennirnir sem koma fram á tónleikaröðinni stíga einnig á stökk á Airwaves og eru því í raun að hita upp fyrir sjálfa sig. **Ásgeir Trausti** og **Snorri Helgason** riðu á vaðið í gærkvöldi við mikinn fögnuð viðstaddra. **Monitor** tók létt spjall við þá félag.

## Skemmtilegra og skemmtilegra

**Snorri Helgason** er heldur betur orðinn sjóaður í Airwaves-þátttöku

**Nýlega byrjaðir þú að taka upp demó fyrir þriðju sólóplötuna þína. Eru komin einhver markmið með hana?**

Já og nei. Það er komin nokkuð skýr mynd á það hvað ég ætla að gera. En ég er ekki farinn að taka upp alvöru grunna alveg strax. Ég er í smá-tækjavesni, ég þarf að fá einhverja hljóðnema lánaða og svona. En ég fór og hitti Síndra Má úr Sin Fang um daginn og við vorum eitthvað að reyna að skipuleggja þetta en hann pródúseraði síðustu plötu. Hann verður reyndar svoltið á kantinum í þessari plötu því hann er að fara að eignast sitt annað barn í lok október. Annars verðum við Guðmundur Óskar, bassaleikari, mestmegnis að gera þetta í stúdíóinu hjá okkur og köllum til vini til að gera þetta svona hægt og rólega yfir veturinn og ef allt gengur eftir þá myndi ég halda að platan yrði klár næsta vor.

**Ertu að róa í sömu átt eða að prófa eitthvað nýtt?**

Ég veit í raun og veru ekki hvaða átt það er. Þetta er náttúrulega allt byggt í kringum kassagítarinn en þetta verður aðeins öðruvísi en hin platan og hljóðheimurinn gæti orðið stærrí á þessari.

**Þú hefur spilað á öllum Airwaves-hátíðunum síðan 2006 svo þetta verður þín sjöunda hátíð. Er alltaf jafn gaman á Airwaves?**

Já, það verður alltaf skemmtilegra og skemmtilegra. Umgjörðin verður alltaf skemmtilegri og það er meira spennandi í gangi. Hátíðin er alltaf að vaxa og skipuleggjendur breyta smáatriðum hér og þar og því verður þetta alltaf betra og betra.

**Hvað ætlar þú sjálfur að sjá?**

Ég sé voðalega sjaldan eitthvað á Airwaves. Ég er sjálfur að spila svo mikið og á þönum svo ég sé aldrei neitt nema í besta falli vini mína. En ég væri geðveikt til í að sjá Dirty Projectors ef ég næði því einhvern veginn en það verður bara að koma í ljós.

### SNORRI HELGA

**Fyrstu sex:** 010684.  
**Uppáhaldsgítar:** Martin-gítarinn minn.  
**Sími:** Gamall Blackberry-sími sem er eiginlega alveg ónýtur.  
**Lag á heilanum núna:** Tipp Topp með Prinspóló.  
**Tónlist er:** Spegill lífsins.





# Lengi í smíðum

**Biggi Hilmars** sendi á mánudaginn frá sér sína fyrstu sólóbreiðskífu en hún var 3 ár í smíðum

Á mánudaginn var sendi Birgir Hilmarsson, eða Biggi Hilmars eins og hann er gjarnan kallaður, frá sér sína fyrstu sólóbreiðskífu. Bigga ættu margir að kannast við enda fór hann fyrir hljómsveit sinni Ampop sem átti marga smelli hér fyrir nokkrum árum.

Undanfarin ár hefur Biggi starfað við tónlist í London, Reykjavík, Los Angeles og New York. Hann hefur meðal annars starfað sem tónskáld hjá Universal Music í London og Pusher Music í Los Angeles við hin ýmsu kvikmynda-, sjónvarps- og auglýsingaverkefni en Biggi hefur samið tónlist fyrir verðlaunaframléiðandann Ridley Scott og kvikmyndirnar

„Future of Hope.“ Þá hefur tónlist hans heyrst í auglýsingum þekkra vörumerkja á borð við Chevrolet, Nike og Motorola.

Fyrsta breiðskífa Bigga ber titilinn „All We Can Be“ og inniheldur 11 frumsamin lög ásamt endurúsetningu á „Famous Blue Raincoat“ eftir Leonard Cohen. Hún hefur verið í vinnslu í 3 ár og fóru upptökur fram í London og París en eftirvinnslan fór fram í Reykjavík.

Í tilefni af útgáfu plötunnar ætla Biggi að halda tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld. Húsið er opnað klukkan 20 en tónleikarnir hefjast klukkan 20.30. Forsala miða er hafin á [midi.is](http://midi.is) en miðaverðið er 1.800 krónur.



ALL WE CAN BE NEFNIST PLATAN HANS BIGGA

## Fleetwood Mac 45 ára

Tónleikar til heiðurs hljómsveitinni Fleetwood Mac verða haldnir í Austurbæ eftir viku, fimmtudaginn 11. október. Fjöldi tónlistarmanna stígur á stökk til þess að gera magnaðri tónlist þessarar goðsagnakenndu hljómsveitar skil. Auk sjö manna hljómsveitar munu söngvararnir Agnes Björt Andradóttir úr hljómsveitinni Sykur, Dagur Sigurðsson úr X-factor í Bretlandi, Lísá Einarsdóttir, Elvar Friðriksson og Þórunn Antonía Magnúsdóttir og gítarleikarinn Björgvin Gíslason flytja allt það besta sem komið hefur frá Fleetwood Mac. Hljómsveitin, sem var stofnuð í London árið 1967 af gítarleikaranum Peter Green í miðri bresku blússprengingunni, vakti strax mikla eftirtekt. Eftir að parið Stevie Nicks og Lindsey Buckingham gekk til liðs við Fleetwood Mac árið 1975 sló hún í gegn um allan heim með lögum eins og Don't Stop, Go your own way, Dreams, Little Lies og ótal fleirum.

Tónleikarnir verða haldnir í Austurbæ hinn 11. október kl. 21.00 en húsið verður opnað kl. 20.00. Miðaverð er 3.900 kr. og fer miðasala fram á [midi.is](http://midi.is).



## Nýtt lag frá Bruno Mars

Síðastliðinn mánudag sendi Bruno Mars frá sér nýtt lag sem ber nafnið „Locked Out of Heaven.“ Lagið er fyrsta smáskífan af væntanlegri plötu frá honum sem mun bera nafnið „Unorthodox Jukebox.“ Platan sú er önnur sólóplata kauda því árið 2010 sendi hann frá sér „Doo-Wops & Hooligans“ sem mokseldist og náði tvöfaldri platinumsölu. Tvö lög af henni náðu toppi bandaríska Billboard-listans, fyrst lagið „Just the Way You Are“ og svo seinna „Grenade.“ Rödd Brunos prýddi einnig tvö önnur lög sem náðu topp-fimm á sama lista, lag B.o.B „Nothing on You“ og lagið „Billionaire“ sem hann samdi með Travi McCoy og félögum sínum í lagasmíðateyminu the Smeezingtons, þeim Philip Lawrence og Ari Levine. Þessi lög áttu stóran þátt í að gera Bruno Mars að þeirri ofurstjörnu sem hann er í dag. Sjálfur mun svo Bruno Mars, eða Peter Gene Hernandez eins og hann heitir réttu nafni, fagna 27 ára afmæli sínu á mánudaginn næstkomandi, 8. október.

# Rauður Ztefzon



Litríkt á bragðið

[facebook.com/noisiriuz](http://facebook.com/noisiriuz)

**N**  
NÓI ZÍRÍUZ



**HVERSDAGS**

BUXUR: TOPSHOP  
PEYSA: ZARA,  
VESKI: MONKI  
SKÓR: CONVERSE

# Eru ekki allir í fíling?

Áð þessu sinni er það fegurðardísinn og sprellarinn **Arna Jónsdóttir** sem heim-sækir **Stíllinn**. Arna er á sínu þriðja ári í **Verzló** en í frítíma sínum er hún ballerína sem finnst einstaklega gaman að kaupa sér ný föt og vera öðruvísi.

**Hver er Arna Jónsdóttir?** Brosandi ballerína sem elskar að kaupa föt.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** Hann er mjög plein og óútpældur. Mér finnst gaman að skreyta með töskum og fylgihlutum. Ég elska gallajakka, leðurbuxur og stóra klúta.

**Hefur þú mikinn áhuga á tísku?** Ég hef gaman af því að klæða mig og vera fín, en ég get ekki sagt ég hafi neinn sérstakan áhuga á tísku, en að sjálfsgöðu elska ég að kaupa föt og vera öðruvísi.

**Hvar kaupir þú helst fötin þín?** Grunninn kaupir ég mest í Monki, H&M, Urban Outfitters og Topshop. Svo finnst mér gaman að eiga einn og einn finan hlut úr Marc Jacobs og Kastaníu.

**Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?** Sumarið. Stuttbuxur, kjólar og Rayban-sólglerugu eru mitt uppáhald.

**Hvað er ómissandi að að eiga í fataskápnunum fyrir haustið?** Fallegt loð, sokka með blúndu og hlaupaskó, myndi ég segja.

**Hver hafa verið þín verstu tískumistök?** Ég stekki alltaf í leðurjakka yfir mig á leiðinni út og hef oft lent í því að vera óvart í leðurbuxum líka, það myndi ég segja að væri svona algengustu mistökinn dagsdaglega. En svona það alversta myndi ég segja að væri retro-skinku-týpan sem ég þóttist púlla í 9. bekk.

**Hver er best klædda kona í heimi?** Ég skoða lítið hvernig stjörnur klæða sig nema þegar ég fletti blöðum á kaffihúsum, svo engin ein stendur uppúr. En mér finnst Andrea Röfn og Elísabet hjá Trendn-



**ÚT Á LÍFIÐ**

LEÐURBUXUR: URBAN OUTFITTERS  
JAKKI: MANGO  
LOÐ: GEYSIR  
TASKA: MALAGA

er mjög flott klæddar og svo lít ég mikið upp til eldri systur minnar, Hafdísar Bjarkar.

**Er eitthvað skemmtilegt á döfinni hjá þér í haust?** Já, það eru spennandi tímar framundan. Ég er að vinna í Verzlunarskólablaðinu, dansa á ballettsýningu og svo hlakka ég mikið til að komast á snjóbretti.

**Hvort myndir þú frekar vilja vera forseti eða rokkstjarna?** Rokkstjarna, bókað. Ég er ekki nógu ákveðin og formleg í forsetaembættið. Það færi mér miklu betur að sveifla hárinu fram og aftur og öskra "eru ekki allir í fíling" í stað þess að stjórna heilu landi.



**SPARI**

SKÓR: KAUPFÉLAGIÐ  
JAKKI: URBAN OUTFITTERS  
VESTI: GEYSIR  
TASKA: MARC JACOBS



**UPPÁHALDS**

LAKKASKÓR: H&M  
STUTTBUXUR: URBAN OUTFITTERS  
BELTI: MARKAÐUR  
PEYSA: SPÚTNIK

HINIR SÍVINSÆLU

**Dr. AirWair Martens**

FÁST HJÁ OKKUR

WITH Bouncing SOLES

**gs skór**

Kringlunni - Smáralind  
s. 512 1760 - s. 512 7700  
ntc.is - erum á facebook

Myndir/Styrmir Kári

ERT ÞÚ

# LJÓSMYNDARINN?

8 heppnir þátttakendur verða valdir til þess að keppa í glænýjum sjónvarpsþætti sem mun heita **Ert þú Ljósmyndarinn?** á *SkjáEinum* í vetur.

PRO 160

47

**TAKTU ÞÁTT Í STÆRSTU  
LJÓSMYNDASAMKEPPNI  
SEM HALDIN HEFUR VERIÐ  
Á ÍSLANDI.**

SKILAFRESTUR ER TIL MIÐNÆTTIS  
**23. OKTÓBER.** ALLIR GETA TEKIÐ ÞÁTT.

Dómarar eru þau Hallgerður Hallgrímsdóttir, listakona og ljósmyndari og Páll Stefánsson sem er einn fremsti ljósmyndari landsins.

Nokkrir af bestu ljósmyndurum Íslands munu svo aðstoða þau Hallgerði og Pál, RAX, Ari Magg, Spessi, Sissa, Egill Eðvarðsson og Katrín Elvarsdóttir.

**1.**  
VERÐLAUN  
AÐ VERÐMÆTI  
2.000.000

VERTU MEÐ  
FYRIR **23.**  
OKTÓBER

Portrett mynd sem lýsir gleði

Ravtt

Fjall

**ÞRJÚ**  
VERKEFNI

[mbl.is](http://mbl.is)



SKJÁREINN

Nánari upplýsingar á [www.mbl.is](http://www.mbl.is)

# Ef ég læt eins og asni er fólk til í að dansa

Leiðir **Haraldar Ara Stefánssonar** og **Retro Stefson** skilja tímabundið á næstunni enda er hann haldinn út til London að læra leiklist. **Monitor** ræddi við hann um stuðbóltahlutverkið, lífið í London og dýrkeyptan klaufaskap á flugvelli.

**É**g er ekkert alltaf í stuði þótt ég virðist kannski vera í stuði," segir Haraldur Ari Stefánsson, meðlimur Retro Stefson og leikaranemi. Eins og flestum er kunnugt sem hafa séð Retro Stefson á sviði er hlutverk Haraldar í hljómsveitinni fyrst og fremst að sjá til þess að tónleikagestir séu í stuði.

"Ég þarf auðvitað að þykjast vera í stuði, annars myndi þetta ekki virka. Við föttuðum sem sagt á ákveðnum tímamarki að til að áhorfendur þori að sleppa fram af sér beislinu, þá verðum við að gera það líka."

Haraldur Ari er nýfluttur til Lundúna þar sem hann kemur til með að læra leiklist í skólanum Central School of Speech and Drama. Fyrir vikið verður hann fjarri góðu gamni frá Retro Stefson um tíma, sem stendur í ströngu þessa dagana við að senda frá sér sína þriðju breiðskífu.

**Texti:** Einar Lövdahl  
**Myndir:** Stýrmir Kári Erwinsson

einara@monitor.is  
stymirkari@mbl.is

**Nú ert þú sá eini í Retro Stefson sem ólst upp í Mosfellsbæ en ekki miðsvæðis í Reykjavík. Hvernig dast þú inn í hljómsveitina?**

Ég var reyndar í Austurbæjarskóla í 1. bekk, fór síðan í Melaskóla í Vesturbænum í tvö ár þangað til ég flutti í Mosfellsbæ. Eftir það var ég samt alltaf mikill áhugamaður um Austurbæjarskóla. Ég kynntist Unnsteini og Loga (í Retro Stefson) á leikskóla og ég var sem sagt alltaf hjá pabba mínum aðra hverja helgi og þá lék ég við Austurbæjarskólakrakkana. Það var til dæmis ekki Skrekkur í Mosó svo ég mætti bara á Skrekkæfingar í Austurbæjarskóla og gerðist aðstoðarleikstjóri. Þannig kynntist ég sem sagt krökkunum sem mynduðu seinna kjarnann í Retro Stefson. Þegar ég byrjaði í MH var ég búinn að mæta á marga Retro Stefson-tónleika, var síðan með strákunum í MH-kórnum og að lokum var mér bara boðið að vera með í hljómsveitinni.

**Þegar þér var boðið að vera með var hljómsveitin komin dálítið af stað, hún var til dæmis búin að spila á Airwaves og svona. Upplifðir þú þetta boð eins og ef stelpa sem þú varst skotin í hefði beðið þig um að byrja með sér?**

Ég hugsaði þetta kannski ekki endilega þannig. Ég upplifði þetta einfaldlega bara þannig að það væri geðveikt gaman að fá að vera með. Þetta gerðist allt frekar hratt, mér var boðið á æfingu og svo allt í einu var ég bara orðinn hluti af hljómsveitinni.

**Mér skilst að þú kunnir eitthvað á píanó og gítar. Hvernig endaðir þú í þessu stuðpinnahlutverki í bandinu?**

Ég hugsa að það hafi bara byrjað þannig af því að ég þurfti að finna mér eitthvað að gera uppi á sviði annað en að standa alltaf bara og spila á kúabjöllu og hristur í öllum lögum. Smám saman föttuðum við sem hljómsveit hvað virkaði á tónleikum, hvað við þyrftum að gera til að fá meira út úr lögnum og eitt af því var að ef ég léti eins og asni, þá væri fólk til í að dansa með. Það þýðir ekkert að vera bara alltaf með einhvern töffarasvip á sér.

**Hver hefur hingað til verið hápunkturinn á öllu Retro Stefson-stússinu og hvað hefur verið mesta vesenið?**

Það er ekki auðvelt að svara þessu en svona það fyrsta sem mér dettur í hug sem hápunktur er tækifærið sem við fengum úti, það er að segja þegar við fengum plötusamninginn hjá Universal og gátum flutt út til Berlínar. Það var alveg frábært, bæði sem hljómsveit, að fá að vinna við það sem við elskum að gera, og bara fyrir okkur sem unga einstaklinga, að kynna því að búa í útlöndum. Fyrir mitt leyti var líka ákveðinn hápunktur þegar við spiluðum í Berlín núna um daginn og það var troðfullur staður og biðröð fyrir utan. Það er auðvitað erfitt að hasla sér völl í svona stórborg og þess vegna fannst mér það mikil viðurkenning að sjá hversu margir

mættu á þessa tónleika.

Það eru kannski engir sérstakir lágpunktar en það er alltaf dálítið erfitt að halda tónleika á stöðum þar sem það eiga ekkert endilega að vera haldnir tónleikar. Við spiluðum til dæmis í verslunarmiðstöð í Færeyjum í sumar í ömurlegu hljóðkerfi þar sem bókstaflega enginn nennti að hlusta á okkur. Við vorum ekki mjög velkomin þar (hlær).

**Hvernig upplifðir þú lífið í Berlín? Átt þú einhverja skemmtilega sögu þaðan?**

Það var sjúklega gaman; þótt það hafi ekki alltaf verið auðvelt þá man maður mest eftir góðu stundunum. Við bjuggum náttúrulega sjö saman í lítilli tveggja herbergja íbúð sem var dálítið áskorun, en við vorum dugleg að elda saman, skipta með okkur verkum og svo framvegis.

Ég á alltaf erfitt með að muna einhverjar skemmtilegar sögur þegar ég er rukkadur um þær, en eitt stendur upp úr og það var þannig að við vorum mikið í því að vera alltaf að spila borðtennis úti í götunni okkar, jafnvel langt fram eftir nóttu. Vandamálið var að við bjuggum í hálfgerðri fjölskyldugötu og við vorum kannski ekki hljóðlátasti hópur í heimi þannig að eitt kvöldið mætti allt í einu bara sérveit þýsku lögreglunnar á svæðið til þess að skipa okkur að hætta að spila borðtennis. Það var frekar klikkað.

**...eitt kvöldið mætti allt í einu bara sérveit þýsku lögreglunnar á svæðið til þess að skipa okkur að hætta að spila borðtennis. Það var frekar klikkað.**

**Retro Stefson stendur nú í útgáfu á sinni þriðju breiðskífu sem er samnefnd hljómsveitinni. Hvers má maður vænta?**

Ég verð að segja að þetta er þrusufin plata. Það er náttúrulega ekki hægt að segja að ég sé hlutlaus en þó er það þannig að ég kem ekki mikið að upptökuferlinu, það er að segja ég spila alltaf mjög lítið inn á plötunum. Þetta er langskemmtilegasta Retro-platan til þessa, hún er dansvænni en hinar plötunum og ég myndi segja að hún væri líka djarfari. Eins og einhverjir kúl menn myndu segja þá er hún meira sexí en annað efni frá Retro.

**Upplifir þú það furðulega að vera í hljómsveitinni en koma svona lítið að vinnuferlinu þegar það er verið að semja lög og taka upp?**

Ég gerði það kannski stundum áður fyrir en svo átti ég mig bara á því að það eru bara allir í hljómsveitinni með sitt hlutverk og þannig virkar það best. Ég er ekki mjög góður í að semja lög og þess vegna eru aðrir í því en ég og svo eru aðrir sem eru betri en ég í að spila á hljóðfæri og þá sjá þeir augljóslega um það. Ég mæti auðvitað alveg í stúdíóið og er með þegar það er verið að taka upp en þá sé ég bara um hlutina eins og að sækja hamburgara og svona (hlær). Ég gat líka nýtt þennan tíma í stúdíóinu til að undirbúa mig fyrir leiklistarprufurnar, ég fór til dæmis inn í eitthvert hljóðeinangrað herbergi og öskraði textann sem ég þurfti að kunna utan að.

**Mér var bent á að þú hefðir farið með aukahlutverk í Fóstbræðrum í gamla daga, meðal annars í hinum sígilda skets um óþolandi afann sem kemur í heimsókn**

**till dóttur sinnar og fjölskyldu hennar. Var það upphafið að leiklistarferlinum?**

Ætli það ekki bara? Þarna uppgötvaði ég þetta allt saman, hvað þetta væri skemmtilegt og ég hugsaði strax: „Já ókei, maður getur sem sagt fengið borgað fyrir þetta.“ Nei, grín.

Ég horfði einmitt mjög mikið á Fóstbræður með vini mínum þegar ég var lítill svo ég man að mér fannst mjög skemmtilegt að fá allt í einu hlutverk í þáttunum.

**Nú ert þú fluttur til London til að hefja leikaranám. Verður þú þá ekki með á útgáfutónleikum Retro Stefson? Mun einhver leysa þig af á meðan þú ert úti?**

Ég missi því miður af þeim og það er auðvitað ógeðslega leiðinlegt. Skólinn byrjar eiginlega bara daginn eftir tónleikana og það er frekar hæpið að vera að skjóttast svona á milli þegar það er dýrt að fljúga og ég er á fullu að koma mér fyrir í London. Þessi íbúð málar sig til dæmis ekki sjálf. Það er náttúrulega súrt að missa af öllu stússinu í kringum plötuútgáfuna og svona en maður verður stundum að hugsa til þess hvað manngangur á að gera í framtíðinni.

Ég ætla að sjálfsögðu að koma fram með hljómsveitinni við hvert tækifæri sem gefst, það er að segja alltaf þegar ég verð á landinu, en það mun enginn leysa mig af þess á milli.

**Þú lentir í einhverju nettu veseni þegar þú fórst til London um daginn, frétti ég.**

Já, fór ég til London í stutta ferð og ég hafði séð auglýst í blöðunum að WOW Air ætlaði að byrja að fljúga frá Gatwick-flugvelli. Ég tók lestina upp á Gatwick og rölti síðan um flugvöllinn bara mjög slakur í mestu rólegheitum en einhverja hluta vegna fann ég hvergi innritunarborðið fyrir WOW Air og hugsaði náttúrulega strax: „Sjitt, ekki er ég á vitlausum flugvelli?“. Þegar ég kíkti síðan á flugmiðann minn í símanum mínum kom það einmitt í ljós, ég var bara mættur á vitlausan flugvöll (hlær). Í öllu stressinu hringdi ég síðan í flugfélagið og þuldi upp alla söguna þangað til afgreiðslukonan svaraði bara: „Bíddu nú við, ertu ekki að djóka, Haraldur minn?“. Þá var ég sem sagt ekki að tala við flugfélagið heldur hafði ég óvart hringt í mómmu æskuvinar mínar án þessa að fatta það. Hann hringir stundum í mig úr einhverju bílasímanúmeri sem hafði þá verið í „recent calls“ hjá mér og ég hélt að það væri númerið hjá flugfélaginu.

Þetta endaði sem sagt með því að ég þurfti að kaupa mér nýjan flugmiðna og þetta var hríkalegt vesen. Ég gleymdi að skoða flugmiðann í tvígang í þetta skipti, eins og maður á að gera. Ég get verið smá-klaufi en ég geri ekki ráð fyrir að ég eigi eftir að fara á vitlausan flugvöll héðan í frá.

**Hvernig fer lífið í London af stað?**

Ég er svo sem ekki búinn að gera mikið annað en að mála fyrir utan það að ég vaknaði eldsnemma í morgun og leigði svona vél til að þrifa gólfteppið í íbúðinni. Ég er aðallega bara búinn að vera að stússast í íbúðinni og svo





## HARALDUR Á 30 SEKÚNDUM

**Fyrstu sex:** 160291.

**Það sem er mest spennandi við að vera fluttur til London:** Að vera að byrja í skóla.



**Það sem er síst spennandi:** Hvað allt er dýrt í London.

**Það fyndnasta sem ég hef séð á netinu:** Mér finnst allar svona syrpur af fólki að detta mjög fyndnar.

**Fyndnasta sjónvarps-þáttpersónan:** Kramer í Seinfeld.



**Æskuátrúnaðargöð:** David Beckham.

## Síðasta sem ég...

**Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana:** Fyrir utan að vera í London núna þá fór ég síðast til Berlínar að spila á tónleikum með Retro Stefson. Þetta voru tónleikar á vegum tónlistartímarits sem heitir Intro og við vorum eitt af aðalúmerunum þar. Þetta var alveg tryllt gigg.



**Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á:** Það var bara rétt áðan á svona hefðbundnum enskum veitingastað og ég fékk mér rétt sem heitir „bubble potatoes“. Það var ágætt nema ég fékk reyndar mjólk í teið mitt, maður þarf víst að taka það fram ef maður vill ekki mjólk.



**Síðasta bíómynd sem ég horfði á:** Ég horfði á hefildamyndina um Jón Pál. Þetta var merkileg mynd. Hann var algjör stjarna en er kannski dálítið gleymdur í dag, fyrir utan það þegar fólk notar frasann hans.



**Síðasti hlutur sem ég keypti mér:** Ég keypti mér uppvottalög og jarðarber í síðustu búðarferð.



**Síðasta húsvverk sem ég innti af hendi:** Ég er búinn að vera mála íbúðina mína alla vikuna.



**Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann:** Það var við kærustuna mína á flugvöllinum áður en ég fór út, virkilega rómo.



viðtalið

að hlusta á enska útgáfu af Útvarpi Sögu, útvarpsstöð sem fólk hringir inn í til þess að röfla. Það er fínt til að æfa sig í enskunni. Ég hef síðan notið góðs af því að ég hef fengið að vera hjá frændfólki mínu hérna úti í London á meðan ég er að koma mér fyrir.

**Þú ert lofaður maður. Kæran ætlar að koma með þér út, ekki satt? Hvað ætlar hún að fást við?**

Jú, hún ætlar að búa með mér í London. Hún keppir á Evrópumótinu í hópímleikum í október og ætlar síðan að koma út eftir það. Hún ætlar bara að finna sér eitthvað að gera, það gæti verið að hún fari að kenna einhverja leikfimi til að byrja með og svo er vonandi að hún komist inn í einhverja þjálfarastöðu í fimleikunum eða eitthvað svoleiðis.

**Pabbi þinn, Stefán Jónsson, lærði leiklist í London og er í dag fagstjóri á leikarabraut í Listaháskóla Íslands. Spilaði þetta tvennt einhver þátt í því að þú ákvaðst að fara til London að læra leiklist?**

Já, algjörlega, bæði þessi atriði spiluðu inn í. Það að hann sé fagstjóri leiklistardeildarinnar hefur auðvitað einhver áhrif á að ég sótti ekki um heima, en ég hugsa samt að jafnvel þótt hann hefði ekki verið í þessari stöðu þá hefði ég samt sótt um úti. Ég hefði kannski sótt um heima til vonar og vara en mig hefur alltaf langað til að læra úti og kannski tengist það einmitt því að pabbi lærði úti og hefur alltaf talað vel um það. Síðan hefur alltaf verið talað um það í kringum mig hvað það sé mikilvægt að prófa að búa í útlöndum og kynnað annarri menningu. Eftir að hafa búið í Þýskalandi með Retro jókst bara sú löngun mín til að læra úti. Ég held að það verði rosalega gott að vera hérna úti á meðan maður er að læra því heima er einmitt svo margt annað sem kallar á mann og stelur athyglinni manns. Hérna úti þekki ég engan og enginn þekkir mig, það er ágætt.

**Þú lékst burðarhlutverk í Óróa sem kom út í hittiðfyrra þar sem þú lékst samkynhneigðan strák. Heldur þú að þú hafir þroskast mikið sem leikari vegna þessa hlutverks?**

Ég myndi nú ekki kalla mig leikara strax, ég get titlað mig sem slíkan þegar ég verð búinn að læra. Þetta hlutverk var alveg ágætlega krefjandi og virkilega skemmtilegt. Mér fannst mjög skemmtilegt að vinna með hópnum sem kom að þessari mynd og ég þroskaðist auðvitað mikið að því leyttinu til að ég öðlaðist reynslu sem tengist því að vera á tókustað, hvernig maður hegðar sér þar, hvernig maður undirbýr sig fyrir senur og allt svoleiðis. Ég var mjög heppinn að hafa fengið þetta hlutverk.

**Voru vinir þínir duglegir við að gera athugasemdir við kossaatriðið ykkar?**

Já, að sjálfsgöðu (hlær). Ég var samt orðinn vanur svoleiðis kommentum frá vinunum. Ég lék einu sinni í einhverri auglýsingu og fór svo í bíó með félögum og þá kom auglýsingin með mér og þá stóð einn strákurinn upp, benti á mig og sagði: „Hey, þessi leikur í auglýsingunni!“ og allur salurinn fór að hlæja. Það var reyndar mjög fyndið.

**Er kvikmyndaleikur eitthvað sem þig langar að láta að þér kveða í síðar og seinna meir?**

Já, mér finnst það mjög spennandi og væri gjarman til í að fá að leika í fleiri myndum ef mér gefst tækifæri til. Ég vil hins vegar ekki festast í bíómyndaleik, ég er líka mjög spenntur fyrir leikhúsi. Ég held að það sé mjög gott fyrir leikara að vera góður í hvoru tveggja, kvikmynda- og sviðsleik. Maður sér það alveg að bestu leikararnir gera hvort tveggja.

**Hvernig hljóðar svarið þitt þegar fólk spyr þig hvert þú stefnir?**

Ég stefni bara á að klára þetta þriggja ára nám og svo væri gaman að sjá hvort ég geti kannski fengið einhverja vinnu hérna úti í leiklistinni, það er svona það lengsta sem ég hef leyft mér að horfa fram í tímann. Síðan veit maður svo sem aldrei nákvæmlega hvað maður gerir, kannski fer ég bara í lögfræði í háskóla heima beint eftir leikaranámið. Nei, ég segi svona. Auðvitað á ég mér alveg einhver markmið, en ég kys að halda þeim fyrir sjálfan mig.

**Þú ert ekkert stressaður yfir því að þú fáir allt í einu bara bréf frá hljómsveitinni á meðan þú ert svona lengi úti með þeim skilaboðum að þú sért rekinn?**

Nei, ég ætla rétt að vona að það gerist ekki (hlær). Það væri gaman að fá að halda áfram að spila með þegar ég kem til landsins. Þetta er nú ekki svona dramatískt hjá okkur, þetta verður alltaf bara spilað eftir eyranu hvenær ég get verið með og hvenær ekki.

„Bíddu nú við, ertu ekki að djóka, Haraldur minn?“. Þá var ég sem sagt ekki að tala við flugfélagið heldur hafði ég óvart hringt í mömmu æskuvinar mínar án þessa að fatta það.



## SMÁA LETRIÐ



### KVIKMYNDIR

**Myndin sem ég get horft á aftur og aftur:** Breakfast Club.

**Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir:** Cinema Paradiso.

**Myndin sem ég væli yfir:** The Room.

**Uppáhaldsmyndin mín í æsku:** Space Jam.

**Versta mynd sem ég hef séð:** The Room.



### TÓNLIST

**Lagið í upphaldi þessa stundina:** I Have a Dream – Abba.

**Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina:** Voulez Vous – Abba.

**Lagið sem ég fila í laumi:** Fernando – Abba.

**Lagið sem ég syng í karóki:** Waterloo – Abba.

**Nostalgiulagið:** Mama Mia – Abba.



### FORM OG FÆÐI

**Uppáhaldsmatur:** Get ekki valið, það er svo margt sem kitlar bragðlaukana.

**Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á:** Gló.

**Versti matur sem ég hef smakkað:** Borða mestallt, en lifur get ég ekki etið.

**Líkamsræktin mín:** Leikfimi.

**Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum:** Það var líklega þegar ég var fyrirliði í C-liði Aftureldingar í handbolta.

**OSTAPCHUK ER AÐ  
LIFA HVÍTRÚSSNESKA  
DRAUMINN**



HINRIK WÖHLER

**Íþróttamaður er nefndur**

# Kúluvarpari og kyntákn

Hvítrússneski kúluvarparinn og kyntáknið Nadzeya Ostapchuk hefur undanfarið verið mikið á milli tannanna á fólki bæði fyrir afrek sín innan og utan vallar. Öll heimsbyggðin tók andköf þegar þessi hæfileikaríka íþróttakona varpaði kúlunni 21,36 metra á Ólympíuleikumum í London. Helstu íþróttaspekingar Evrópu hafa sett þetta afrek á sama stall og markamet Olgu Færseth sem skoraði 262 mörk í 202 deildarleikjum.

Ostapchuk er mikill þúsundþjalasmiður. Þegar hún er ekki að æfa eða keppa aflar hún tekna með fyrrisætustörfum. Hún olli miklu fjaðrafoki í heimabæ sínum Bobruisk árið 2007 þegar hún sat fyrir í djörfum myndabætti ásamt samlanda sínum knattspyrnumanninum **Alexander Hleb** og rússnesku tennisstjörnunni **Mariu Sharapovu**. Hinsvegar sneri Ostapchuk borgarbúum Bobruisk á sitt band þegar hún varpaði kúlunni 20,45 metra og tryggði sér gullið á heimsleikumum í Stuttgart.

Þegar Ostapchuk sneri til síns heima eftir Ólympíuleikana var henni vel



ALEXANDER HLEB



MARIA SHARAPOVA



BRANDUR ENNI

fagnað, enda orðin þjóðhetja og stolt Hvíta-Rússlands.

Yfir hálf milljón manns fjölmennti til höfuðborgarinnar Minsk þar sem þriggja daga veisla var haldin henni til heiðurs. Ásamt því að taka við heiðursorðu frá forsetanum Alexander Lukashenko sýndi Ostapchuk fjölhæfni sína þegar hún tók lagið fyrir framman mannfjöldann ásamt færeyska listamanninum **Brandi Enna**.

Hinsvegar var Adam ekki lengi í Paradís, upp komst að Ostapchuk hafi innbyrt ólögleg lyf öllum til undrunar. Miklar vangaveltur hafa verið í gangi um það hvernig Ostapchuk tókst að halda í unglegt og kvenlegt útlit þrátt fyrir að vera taka inn stera. Þjálfari hennar Alexander Yefimov tók á sig alla sök og sagðist hafa laumað lyfjunum í annars kolvetnissnauð mataraði hennar. Mikið áfall fyrir Hvíta-Rússland og alla áhugamenn um kúluvarp. Ostapchuk fer í eins árs keppnisbann en þjálfari hennar hlaut fjögurra ára bann.

Hinrik Wöhler

## Tveir nettir og snjallir frá Vodafone

**HTC One V á 49.990 kr.**

Lítill og nettur snjallsími með Android stýrikerfi. Flottur skjár og góður hljómur með Beats Audio-tækninni.

**HTC One S á 84.990 kr.**

Sá þynnsti úr vörulínu HTC. Ótrúlega hraður og með mikilli vinnslugetu. Með góðan 4,3 tommu skjá og öflugri myndavél.

**Þín ánægja er okkar markmið**

„Fáðu þér smök og sopa af kók og sjúgðu í þig kosmíska krafta“ **Með allt á hreinu**

I don't know who you are. I don't know what you want. If you are looking for ransom, I can tell you I don't have money. But what I do have are a very particular set of skills; skills I have acquired over a very long career. Skills that make me a nightmare for people like you. If you let my daughter go now, that'll be the end of it. I will not look for you, I will not pursue you. But if you don't, I will look for you, I will find you, and I will kill you.



## FRUMSÝNING HELGARINNAR


Nám í Danmörku

# MULTIMEDIA DESIGNER

## Kynningarfundur

9. október kl. 19.00  
á Radisson SAS Saga Hotel,  
Hagatorg, Reykjavík 107  
Skráning á [www.noma.nu](http://www.noma.nu)

**Web Development**  
**Digital Design**  
**Animation, Video & 3D**  
**Management & Marketing**



Nordic Multimedia Academy er margmiðlunar-skóli sem staðsettur er í Kolding, Danmörku. Skólinn býður upp á tveggja ára akademískt nám sem er lánshæft hjá LÍN. Engin skólagjöld. Öll kennsla fer fram á ensku. Önnin byrjar þann 28. janúar 2013.



Nordic Multimedia Academy, Skovvangen 28, DK 6000 Kolding, Denmark, tel. +45 79320200, [www.noma.nu](http://www.noma.nu)

## Taken 2

Liam Neeson er mættur aftur til leiks í Taken 2. Myndinni er leikstýrt af Oliver Megaton en hann færði okkur meðal annars Transporter 3 og Colombiana. Luc Besson skrifar handritið að myndinni ásamt Robert Mark Kamen. Það ætti að vera ávísun á góða mynd því þeir skrifuðu einnig handritið að fyrri myndinni. Fyrirverandi CIA-maðurinn Bryan Mills (Liam Neeson) lét ekkert stoppa sig í fyrri myndinni þegar albanskir

**Leikstjóri:** Oliver Megaton.  
**Aðalhlutverk:** Liam Neeson, Famke Janssen og Maggie Grace.  
**Lengd:** 92 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 16 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíói, Egilshöll, Laugarásbíói og Borgarbíói Akureyri.

glæpamenn rændu dóttur hans Kim. Nú fer Bryan með fjölskyldu sína í frí til Ístanbul. Faðir eins hrottans sem rændi dóttur hans í fyrri myndinni hyggur á hefndir ásamt þeim fjölmörgu sem Mills drap í fyrri myndinni þegar hann bjargaði dóttur sinni. Þeir ætla að ræna bæði konunni hans og dóttur og láta hann verða vitni að því þegar þeir drepa þær áður en þeir drepa hann. En það verður ekki svo auðvelt.

# VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á **Taken 2**, fylgstu með ...  
[facebook.com/monitorbladid](https://facebook.com/monitorbladid)



## KVIKMYND

## Upp og niður

Looper er nýjasta nýtt frá Hollywood. Árið er 2072 og leigumorðinginn Joe vinnur við það að myrða fólk fyrir mafíuna. Á þessum tíma er nánast ómögulegt að komast upp með morð og því er fólk sent 30 ár aftur í tímann þar sem menn eins og Joe biða eftir þeim og klára málið. Hins vegar kemur upp vandamál þegar hann sjálfur er sendur til fortíðar til aftöku.



Looper er nýjasta nýtt frá Hollywood. Árið er 2072 og leigumorðinginn Joe vinnur við það að myrða fólk fyrir mafíuna. Á þessum tíma er nánast ómögulegt að komast upp með morð og því er fólk sent 30 ár aftur í tímann þar sem menn eins og Joe biða eftir þeim og klára málið. Hins vegar kemur upp vandamál þegar hann sjálfur er sendur til fortíðar til aftöku.

### Gaman að sjá Bruce

Leikarar myndarinnar eru ágætir og skila sínu vel. Joseph Gordon-Levitt er greinilega mjög heitur þessa dagana og berjast kvikmyndaverin hreinlega um hann. Hann er flottur og passar vel við hina sætu Emily

Blunt. Bruce Willis mætir svo eldferskur og það er, held ég, alltaf gaman fyrir karlmann af minni kynslóð að sjá hann munda haglabyssuna. Það sem skemmir mikið fyrir Looper er hvað uppbyggingin á henni er steikt. Hún byrjar af krafti þar sem allt er á fullu og eins gott fyrir mann að halda einbeitingu. Svo um miðbik myndarinnar gefur hún mjög eftir og það hægist á henni svo um munar. Á þeim tímapunkti hefði ég viljað sjá hana halda damp og gefa í en ekki bremsa sig af. Eftir það fannst mér hún ekki ná sér almennilega aftur á strík og varð því endirinn frekar snubbóttur. Þrátt fyrir gallana er Looper ágætis afþreying og góð tilraun.



TÓMAS LEIFSSON

## LOOPER



## Burt með bólurnar!




### Justin Bieber notar Proactiv® Solution

Loksins er komin lausn fyrir stráka og stelpur sem skilar raunverulegum árangri í baráttunni gegn bólunum

Í Proactiv® Solution, þriggja þrepa bólu- og húðhreinisakerfinu, eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur nái að myndast og halda húð þinni hreinni og frískri.

Ef þú nærð ekki árangri, þá færðu endurgreitt. Við lofum því.

Kynntu þér Proactiv® Solution nánar á [www.heilsubudin.is](http://www.heilsubudin.is)



**Heilsubudin.is**  
- bætt útlit, betri líðan

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:

REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28  
GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108 // URÐARAPÓTEK, Grafarholti // ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER - Suðurlandsbraut 22 // LYFJAVALL, Álfamtýri 1  
APÓTEK HAFNARFJARDAR, Tjarnarvöllum 11

zero  
zero  
7F<sup>TM</sup>



UPPGÖTVAÐU ÞINN  
INNRI 007<sup>F</sup>

[cokezero.com/007](http://cokezero.com/007)

SKYFALL  
007<sup>F</sup>

AÐEINS Í KVIKMYNDAHÚSUM



**HVAÐ ER TÍTT?**

Nafn: Rúrik Gíslason  
 Á forsíðu: 9. júní 2011.  
 Fyrirsögn viðtals: Dreymir um að verða rokkstjarna.

Af mér er allt gott að fréttu síðan að ég var á forsíðu Monitor. Það er komið rúmlega ár síðan. Ár sem að hefur verið viðburðaríkt í meira lagi. Stuttu eftir forsíðu-ævintýrið fór ég ásamt undir 21 árs landsliðinu á Evrópumótíð í Danmörku þar sem að við vorum grátlega nálægt því að komast í undanúrslit. Líf mitt snýst auðvitað mikið um fótbolta og hef ég, eins og áður, ferðast mikið í sambandi við það. Ísland er að sjálfsgöðu í miklu uppáhaldi og alltaf jafn gaman að koma heim og heilsa upp á fjölskylduna. Líf mitt hefur ekki tekið neinum stökkbreytingum síðan en vissulega var meiriháttar gaman að vera á forsíðunni. Núna er ég fluttur til Kaupmannahafnar þar sem ég spila nú fyrir F.C. København. Borgin leggst vel í mig og vonandi eru bara bjartir tímar framundan.



**LOL-MAIL MONITOR**

Háttvirtur trymbill  
 Lumar þú á góðu glensí?  
 Blessaður Jón,

Ég man nú yfirleitt enga brandara, en ég hef hins vegar, eins og aðrir trommarar þurft að hlusta á ófáa trommarabrandara í gegnum árin. Nú er tækifærið að svara fyrir sig og nýðast á einhverjum öðrum hljóðfæraleikum.  
 Hvað á gítarsóló sameiginlegt með ótímabæru sáðláti?  
 Þú veist að það er að koma en það er ekkert sem þú getur gert til að stöðva það!

Ætli ég skori ekki bara á Stefán Már Magnússon, félagi minn í SSSól, og gefi þannig gítarleikara færi á að svara fyrir sig.  
 Bestu kveðjur,  
 Einar Scheving

**LOKAPRÓFIÐ**

| 4. október 2012 |  
**MONITOR**  
 skólinn

Ég heiti Atli Guðna

Ef ég væri ekki Atli Guðnason væri ég til í að vera

Þú veist hver ég er af því að ég drekta PEPST

**Síðastiðinn laugardag**

- a) Tók ég, ásamt liðsfélögum mínum í FH, á móti Íslandsmeistarabikarnum á fallgasta velli landsins. SVO
- b) var ég um kvöldið útnefndur af liðsfélögum mínum og þjálfurum besta leikmaður FH þetta tímabilið ásamt því að taka við viðurkenningu fyrir flest mörk skorud. SVO
- c) Jakkafataði ég mig upp fyrir lokahóf og fór svo á kostum á dansgólfinu seinna um kvöldið á meistaraballinu. SVO
- d) leigði ég mér What to Expect when Expecting á DVD og fékk mér Snickers. og kók

**Síðastiðinn mánudag**

- a) Fékk ég verðlaun fyrir að vera markakóngur Pepsi-deildarinnar 2012 með 12 mörk skorud.
- b) var ég útnefndur besta leikmaður Pepsi-deildarinnar 2012 af leikmönnum og þjálfurum deildarinnar.
- c) kenndi ég unga fólkinu í FC stærðfræði eins og ég geri alla aðra virka daga.
- d) skröpaði ég í vinnuna af því að ég var svo þunnur eftir helgina og eina meðalið var eitt stykki ískaldur afréttari.
- e) KOM ÉG MEÐ EINA GEGGJAFNA KÖKU Á AFINGU. FIDDI GLEYMDI  
 Ég var sumsé markahæstur, var valinn bestur í annað skipti á fjórum árum og átti flestar stoðsendingar. Er það nema von að ég hugsi:  
 a) „Ég er King Atli Guðna“  
 b) „Svona uppsker maður ef maður setur markið hátt, leggur hart að sér og hugsar vel um sig.“  
 c) „Ég er þakklátur fyrir að vera í FH.“  
 d) er það nema von að ég hugsi?

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Atli Guðna #1



- a) Atli Viðar Björnsson, framherji í FH
- b) Atli Eðvaldsson, knattspyrnuhetja sem setti einu sinni 5 í einum leik í Bundesliga
- c) Atli Óskar Fjaljarsson, leikari sem lék meðal annars í Óróa
- d) Atli Hilmarrson, handboltsgoðsögn og faðir Arnórs Atla
- e) \_\_\_\_\_



af því að ÞA GÆTI ÉG LEIKTA LÍMUNU MEÐ ÞESSA JIG

**Fyrirmyndin mín í botnum er**

- a) Messi, Barcelona
- b) Papiss Cissé, Newcastle
- c) Alan Shearer, legend
- d) Tryggvi Guðmundsson, ÍBV
- e) VINUR MINN WILL HUNING  
 einfaldlega vegna þess að ÞAD ER ALUÖRU STÆRD-FRÆÐINGUR

Fyrir leiki fæ ég mér alltaf boost sem ég bý til sjálfur sem inniheldur

- a) skyr þú
- b) frosin þetta ber
- c) lærperu
- d) spinat
- e) fullt af ávöxtum
- f) \_\_\_\_\_

**Framtíðarmarkmið mín eru**

- a) að komast að hjá erlendu liði
- b) að bæta markametið
- c) að komast lengra í Evrópukeppninni
- d) að lækka forgjöfina í golfinu niður í 20
- e) \_\_\_\_\_

Þegar ég lít til baka er ég stoltastur af því

- a) að hafa farið sem skiptinemi til Frakklands 2002 - 2003.
- b) að hafa verið valinn besti varnarmaður Shellmótsins 1994.
- c) að hafa spilað fyrir Íslands hönd.

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn myndi sjá myndi ég skrifa:

Hef aldrei gert status.



**VEL GERT**

Gunnar Nelson  
 Það var lítið vandamál fyrir Monitor að ákveða hverjum ætti að hrósa þessa vikuna. Þó svo að Gunnar Nelson sé nú þegar búinn að fá töluvert af hrósi þá er einfaldlega ekki hægt að hrósa honum nóg fyrir það mikla afrek að sigra sinn fyrsta UFC-bardaga afar sannfærandi á laugardaginn síðasta. Gunnar náði Damarques Johnson í gólfíð og þá var ekki aftur snúið. Til hamingju, Gunnar.



AGNES BJÖRT

**ÉG HEF ALDREI**

- 1 ...getað staðið á höndum. Eftir þúsundir misheppnaðra tilrauna og marga vel stóra marbletti hef ég ákveðið að láta hér við sitja.
- 2 ...séð Aladdin. Ég veit ekki af hverju ég hef aldrei séð hana en ég kann samt flest löggin úr myndinni utanað. Það er mér óskiljanlegt.
- 3 ...tjaldað á hringtorgi, það er eitt af því sem að mig hefur alltaf langað til að gera.
- 4 ...sofnað við lófatak. Ég veit ekki við hverskonar aðstæður það kæmi til en það yrði engu að síður áhugaverð upplifun.
- 5 ...keyrt hringinn í kringum landið. Ég hef farið norður, austur og keyrt alla Vestfirðina en það er ennþá svo margt sem að ég á eftir að sjá. Það væri gaman að taka sér viku frá úr vinnunni næsta vor, finna góðan ferðafélag og leggja upp í ferðalag.


**SÍÐAST EN EKKI SÍST**

► Elín Metta Jensen, markadrottning í Pepsi-deildinni, fílar:

**KVIKMYND** Indiana Jones myndirnar hafa alltaf heillað. Mín uppáhalds er Raiders of the Lost Ark þar sem Harrison Ford á stórleik. Fyrsta Home Alone myndin er einnig í uppáhaldi.



**ÞÁTTUR** Þessa dagana fæ ég ekki nóg af Modern Family. Hinn dramatíski Cameron Tucker fær mig til að grenja úr hlátri.



**BÓK**

Skólábækurnar eiga hug minn allan um þessar mundir. Ég er að missa mig úr spenningi yfir danska meistaraverkinu Den Forsvundne Fuldmægtig eftir Hans Scherfig.



**PLATA** Platan hans Ásgeirs Trausta, Dýró í dauðþögn er virkilega góð. Svo get ég ekki fengið nóg af Bon Iver plötunni sem heitir einmitt Bon Iver.



**VEFSÍÐA** Ég fylgist vel með flestu sem er að gerast í knattspyrnuheiminum og fer mest inn á fotbolti.net og 433.is.

**STAÐUR**

Valsheimilið er fáránlega góður staður til að vera á. Ég hef eytt ófáum stundunum á þessum fallega stað, enda er allt til alls á Hlíðarenda.





**LÉTTARI - MINNI - FERSKARI**



**VILTU VINNA NÝJU PS3 TÖLVUNA?**

SENDU SMS **EST PS3** Á NÚMERIÐ **1900**  
ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR MEÐ ÞVÍ  
AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ **EST A, B EÐA C** Á  
NÚMERIÐ **1900** OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF AUKAVINNINGUM:  
DVD - TÖLVULEIKIR - FIFA 13 - GOS O.FL.

**9. HVER  
VINNUR!**



EINFALDEGA LÆGRA VERÐ

\*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 30.október 2012. Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið. Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu.  
Leik lýkur 29.október 2012

Lindum - Skeifunni - Granda - Vefverslun - Sími 544 4000 - Símsala 575 8115

Hitaðu

upp fyrir

Airwaves

með

Símanum

3. okt. **Ásgeir Trausti + Snorri Helgason**  
10. okt. **Samaris + 1860 + Sóley**  
17. okt. **RetRoBot + Berndsen + Sykur**  
24. okt. **Stafrænn Hákon + Tilbury**

Húsið opnar kl. 21

Frítt inn

á tónleika

á Faktorý alla

miðvikudaga

í október

ICELAND  
AIRWAVES

Síminn 